

# Enska 5.bekkur 2021-2022

---

## Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir:

Í ensku er lesið, hlustað, horft, rætt saman og ritað á einfaldri ensku. Við leitumst við að hafa kennslustundir líflegar, áhugaverðar og reynum að mæta nemendum á þeirra getustigi. Nemendur eru hvattir til að lesa upphátt á ensku og spjalla á ensku.

Haldið er áfram þar sem frá var horfið og unnið með t.d.mánuði, liti, tölur, dýr, tímann og einföld samskipti. Grunnatriði í enskri málfræði eru æfð.

Seinfærir nemendur fá aðstoð í samráði við sérkennara og þroskaþjálfra og fundin leið eftir því hvað hentar hverju sinni. Bráðgerir nemendur fá meira krefjandi verkefni bæði í samráði við þá sjálfa og við foreldra.

## Námsáætlun

Námsáætlun:

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
September - október	Upprifjun á litum, tölum, dögum, mánuðum. Einfaldar hlustunaræfingar. 1.Kafli í Yes we can	Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum (hlustun).
Nóvember - desember	2. og 3.Kafli í Yes we can	Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst (samskipti). Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi (ritun).
Janúar - febrúar	Kynning á viðfangsefni á ensku 4. og 5.Kafli í Yes we can	Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt (frásögn).  Skilið megininntak í stuttum einföldum með stuðningi, t.d. af myndum (lesskilningur).
Mars - maí	6. og 7.Kafli í Yes we can	Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni t.d. af teikningum og myndum og nýtt sér upplýsingarnar í eigin verkefni(hlustun).

## Grunnþættir menntunar

Læsi:

Að nemendur geti lesið einfalda texta til að þjálfra og auka orðaforða þeirra.

Sköpun:

Að nemendur vinni skapandi verk í tengslum við þjálfun nýrra orða, setninga og orðasambanda. Að

nemendur fái tækifæri til að uppgötva og njóta þess að læra nýtt tungumál.

Jafnrétti:

Allir nemendur fái að taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum. Nemendur þjálfist í að hlusta á aðra tjá sig.

## Námsmat

Námsmat er jafnt og þétt yfir veturinn. Hæfniviðmið eru metin með margbreytilegum verkefnum, svo sem munnlegum og skriflegum æfingum, hlustun og samvinnuverkefnum og mun birtast á Mentor. Hefðbundnari kannarnir eru einnig gerðar úr enskri málfræði.

Hæfniviðmiðin eru metin með táknum sem standa fyrir eftirfarandi: Frammúrskarandi - hæfni náð - á góðri leið - þarfnast þjálfunar - hæfni ekki náð. Eftir hvert tímabil eru einhver hæfniviðmið metin. Ýmist með verkefnum eða könnunum.

Hæfniviðmið geta verið metin oft yfir árið. Lykilhæfni nemenda er metin útfrá vinnuframlagi, verkefnum, framkomu og eljusemi.

Lokaeinkunn er gefin í A, B+ B, C+, C og D sem birtist inni á Mentor.

## Hlutverk og vinnulag nemandans

**Samskipti** Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan eru höfð að leiðarljósi. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.

**Mæting** Nemendur skulu mæta stundvíslega í kennslustund.

**Virgni í tímum** Nemendur skulu taka þátt í þeim verkefnum sem þeim eru sett fyrir.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### Sel - enska 5. bekkur - Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni t.d. af teikningum og myndum og nýtt sér upplýsingarnar í eigin verkefni.

### Sel - enska 5. bekkur - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum með stuðningi, t.d. af myndum.

### Sel - enska 5. bekkur - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.

## Sel - enska 5. bekkur - Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.

## Sel - enska 5. bekkur - Ritun

- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.

## Sel - enska 5. bekkur - Sjálfstæði og samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra, verið virk/-ur í hópstarfi og lagt sitt af mörkum.
- Unnið vel eftir fyrirmælum, farið eftir leiðsögn á jákvæðan hátt og unnið sjálfstætt.

## Sel - enska 5. bekkur - Nýting miðla og

### upplýsinga

- Af öryggi leitað og unnið úr upplýsingum.